

REGLUGERÐ
um (4.) breytingu á reglugerð nr. 236/2009
um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.

1. gr.

Í stað orðanna „skv. 3. mgr., sbr. þó 2. mgr. og 2. og 9. gr.“ í 1. mgr. 4. gr. kemur: skv. 4. mgr., sbr. þó 2. mgr., 3. mgr. og 2. og 9. gr.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmstu pakkninga í lyfjaflokkunum R 03 A (adrenvirk lyf til innúðunar) og R 03 B (önnur lyf til innúðunar gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi). Hagkvæmstu pakkningar eru metnar út frá verði á ráðlögðum dagskammti í pakkningu og þær pakkningar B-merktar sem innihalda dagskammta er víkja ekki meir en 290% frá ódýrasta dagskammti. Þegar um er að ræða pakkningar lyfja sem eingöngu eru ætlaðar börnum er miðað við verð á hálfum ráðlögðum dagskammti sbr. samantekt um eiginleika lyfs (SPC). Sjúkratryggingar taka ekki þátt í greiðslu annarra lyfja í lyfjaflokkum R 03 A og R 03 B en er þó heimilt að gefa út lyfjaskírteini, sbr. 2. tölul. 11. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 25. gr., 1. mgr. 29. gr., og 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. janúar 2010.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lyfjaávisanir á þau lyf sem fá breytta greiðsluþátttöku samkvæmt 2. gr. og gefnar eru út fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, halda óbreyttri greiðsluþátttöku til allt að 1. apríl 2010.

Heilbrigðisráðuneytinu, 2. desember 2009.

Álfheiður Ingadóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.